

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Samráðshópur um friðlýsingu svæðis í Þjósárdal		Síða
Dags. fundar 22. október 2019	Tími 10:00-11:30	Staður Árnes	Nr. fundar 6
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Hildur Vésteinsdóttir		Málsnr. UST201805-141
Fundarmenn: Frá Umhverfisstofnun: Hildur Vésteinsdóttir og Hákon Ásgeirsson; frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi: Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson og Ingvar Hjálmarsson; frá Minjastofnun: Uggi Ævarsson og Þór Hjaltalín; frá Skógræktinni: Hreinn Óskarsson; frá forsætisráðuneyti: Regína Sigurðardóttir.			
Fjarverandi: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir frá Umhverfisstofnun, Guðríður Þorvarðardóttir frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Anna Sigríður Valdimarsdóttir frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp.			
Afrit sent Samráðshópur um friðlýsingu svæðis í Þjósárdal			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p>Athugasemdir á kynningartíma.</p> <p>Tillaga að friðlýsingu svæðis í Þjósárdal var auglýst í lögbundnu kynningarferli í 3 mánuði frá 13. júní 2019 til 16. september 2019. Á kynningartíma bárust erindi frá sjö aðilum; Samtökum ferðapjónustunnar, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðamálastofu, Sigprúði Jónsdóttur, Hafrannsóknarstofnun, Landgræðslunni og Sigrúnu Guðlaugsdóttur. Auk þess bárust ábendingar og spurningar á opnum kynningarfundi sem haldinn var í Árnesi þann 20. júní 2019.</p> <p>Samstarfshópurinn þakkar öllum þeim sem sendu inn athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir vegna tillögunnar. Farið var yfir allar athugasemdirnar og tekin afstaða til þess hvort að gerðar yrðu breytingar á friðlýsingarskilmálum. Niðurstöður umræðna koma fram í greinargerð að loknum kynningartíma.</p> <p>Ákveðið var að breyta mörkum náttúruvættis við Háafoss og Granna í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að jökulgarður sem bent var á að er að hluta innan náttúruvættisins yrði allur innan þess.</p>	
2	<p>Næstu skref.</p> <p>Umhverfisstofnun mun skrifa greinargerð þar sem farið er yfir viðbrögð við þeim athugasemdum sem voru gerðar, gera breytingar á friðlýsingarskilmálum og korti í samræmi við umræður og senda á samstarfshóp til samþykktar. Að því loknu verður tillögu vísað til ráðherra.</p>	